

18.8.2011

Umsögn Atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, mál 839.  
Vísað til nefndarinnar frá bæjarráði.

Í mörg ár hafa staðið yfir deilur um stjórnun fiskveiða við Ísland og hafa sjónarmið hagsmunaraðila verið ólík og íllsættanleg. Þess ber að geta að með orðinu „hagsmunaraðilar“ er ekki eingöngu átt við einsleitann hóp stórútgerða með vinnslu sem hafa yfir að ráða umtalsverðu magni kvóta. Hagsmunaraðilar eru ekki síður mikill fjöldi sveitarfélaga, íbúar í hinum dreifðu sjávarbyggðum landsins, vinnslur án útgerða, útgerðir án vinnslu, útgerðir án kvóta, sjómenn, landverkfólk og þannig má lengi, lengi telja.

Í annari grein laganna (b lið) eru ákvæði sem gefa heimamönnum ákveðinn forgang að kvóta í því sveitarfélagi, en ekki ótakmarkaðann forgang líkt og núverandi kerfi gerir. Lögin eiga að tryggja að afli hvers sveitarfélags fari um hafnir þess og tryggja með þeim hætti viðkomandi sveitarfélagi tekjur bæði af kvótaleigu og af hafnargjaldi. Í sömu grein eru jafnframt tilteknar undanþágur gagnvart þeim sem fjárfesta í nýjum skipum, um að möguleiki sé á kvótaleigu til allt að fimm ára.

Þá er í sömu grein (lið d) ákvæði sem tryggja jafnann aðgang allra fiskvinnsla að öllum lönduðum afla. Verðmyndum á fiski er gerð gegnsæ með því að allur afli fari um fiskmarkaði sem tryggir samkeppnisstaða innan vinnslugreinarinnar er á jafnréttisgrundvelli og að þau fyrirtæki sem undirbjóða önnur á neytendamörkuðum eru ekki að gera það á grundvelli lægra fisksverðs frá eigin útgerð. Með þessum ákvæðum er staða sjómanna jöfnuð verulega frá því sem nú er og ekki síður samkeppnisstaða fiskvinnslana.

Í fjórðu grein er fjallað um strandveiðar. Tilkoma strandveiða er mikilvægt skerf í tilliti atvinnuréttar og ekki síður sem aðferð til að koma nýjum aðilum inn í greinina. Öll frekari þróun á því kerfi er jákvæð og hvetjandi fyrir þá aðila sem hyggjast hefja sín fyrstu skref í sjálfstæðum rekstri í sjávarútvegi.

Í 5 grein er tekið á þeim þætti sem snýr að skuldastöðu sjávarútvegsins vegna kvótakaupa. Ljóst er að það verð sem hefur viðgengist á kvóta, er í engu samræmi við fjárhagslegann ávinning af auknum veiðiheimildum. Sú gríðarlega útlánaaukning sem bankakerfið stóð fyrir á árunum 2003-2008 var ekki nema á mjög takmarkaðann hátt að þjóna sjávarútveginu, heldur fyrst og fremst bönkunum sjálfum með þeim tilgangi að fénýta greinina. Skuldir sjávarútvegsins eru verulega íþyngjandi fyrir greinina. Raunar hafa sérfræðingar hjá Háskólanum á Akureyri sýnt fram á það með greiningum sínum á skuldaaukningu greinarinnar á áðurnefndu tímabili, að mjög lítt hluti þeirra skulda nýttist til að auka hagkvæmni greinarinnar í heild. Fjárfesting í rekstrarfjármunum stóð í stað á umræddu tímabili og má leiða að því líkum að hafi einhverjir aðilar notið góðs af þessari skuldaaukningu, hafi það örugglega komið niður á öðrum aðilum innan greinarinnar. Ótakmarkað framsal og óbein veðsetning á aflaheimildum stuðlaði þannig að fjármálalegum óstöðugleika og slæmri nýtingu á fjármunum í aðdraganda hrunsins.

Í greinargerð með frumvarpinu er að lokum tiltekið nauðsyn þess að óháð endurskoðun verði gerð á aðferðafræði og árangri fiskifræðinga Hafró. Á tuttugu ára tímabili, 1952-1972 var veitt að meðaltali yfir 450 þúsund tonn af þorski árlega. Þegar Hafró tók til við að stjórna fiskveiðum í lok þess tímabils,

var markmið þeirra að árleg veiði þorsks myndi aukast í 550 þúsund tonn. Aflaheimildir í þorski á yfirstandandi fiskveiðiári eru hinsvegar ekki nema 160 þúsund tonn. Það gerir árangur upp á 30% af markmiðum og 35% af þekktri veiðigetu þorsksstofnsins. Ljóst má telja að aðferðferðafræði Hafró er kolröng og þjóðhagsleg nauðsyn þess að nýta fiskistofnana betur er gríðarleg. Miðað við það gríðarlega fiskmagn sem hefur verið á miðum allt í kringum landið á þessu ári hefði að ósekju mátt veiða amk 200 þúsund tonnum meira af þorski. Reiknað í gjaldeyri, gerir það uphæð nálægt 100 milljörðum króna í aukningu útflutningstekna.

Það er álit undirritaðs að af þeim frumvörpum sem komið hafa fram um stjórn fiskveiða frá upptöku kvótakerfisins, gangi þetta tiltekna frumvarp þingmanna Hreiðingarinnar hvað lengst í þá átt að sætta sjónarmið ólíkra hagsmunaraðila og tryggja á sama tíma viðurkennd viðmið í atvinnufrelsi og samkeppnismálum.

Lagt fram sem sérálit í Atvinnuálanefnd Ísafjarðarbæjar.

Sigurður Jón Hreinsson varaformaður